

Oddviti Árneshrepps
Gunnsteinn Gíslason
524 Norðurfirði
Strandasýslu

2001040013
4901; 9310

Reykjavík, 14. maí 2001
/--

Efni: Sjóvarnarframkvæmdir á Djúpuvík, Árneshreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 30. mars 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagfæring á sjóvörn á Djúpuvík í Árneshreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laganna. Fram kemur í erindinu að framkvæmdinni sé lokið.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar sveitarstjórnar Árneshrepps og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Árneshreppi með bréfi dags. 26. apríl 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 23. apríl 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að um sé að ræða framkvæmd sem einstaklingar hafi framkvæmt og feli í sér fyllingu í skörð í sjóvörn sem sjór hafi rofið í ströndina fyrir neðan hús í Djúpuvík. Efnisþörf til framkvæmdanna var 400 m³.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn sveitarstjórnar Árneshrepps kemur fram að verkið hafi verið unnið af einstaklingi án samráðs við skipulagsyfirlönd í hreppnum en það hafi ekki verið af þeirri stærðargráðu að það hafi verið matsskyld. Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfiáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða fyllingu í sjóvörn sem sjór hefur rofið skörð í á Djúpuvík. Samkvæmt 6. gr. og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfiáhrifum ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Framkvæmdin tekur til afmarkaðs svæðis, efnismagn er óverulegt og fram kemur að henni sé lokið.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagfæring á sjóvörn á Djúpuvík, Árneshreppi hafi ekki verið líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að samkvæmt 16. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að gefa út leyfi fyrir framkvæmd skv. 6. gr. laganna nema fyrir liggi úrskurður um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matskyld. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum vegna sjávarflóða. Þær framkvæmdir sem hér um ræðir kalla að mati Skipulagsstofnunar ekki á sérstaka skipulagsgerð eða breytingu á skipulagi, en við gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið þarf að gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum sjóvörnum í samræmi við kröfur skipulagsreglugerðar.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. júní 2001.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Náttúruvernd ríkisins og Siglingastofnun